

Breytingartillaga á 5. og 6. grein skáklaga Skáksambands Íslands. Gulmerkt er nýtt, yfirstrikað er tekið út. Einnig fylgja viðaukar vegna Skákþings Íslands 2027 og rök með breytingunni. Tillagan snýst um að bæta við nýjum lokuðum meistaraflokki á milli landsliðs- og áskorendaflokks.

Tillaga flutt af Gauta Páli Jónssyni (TR), Kjartani Maack (TR) og Magnúsi Pálma Örnólfssyni (Dímon).

5. grein. Landsliðsflokkur og meistaraflokkur Skákþings Íslands

Eftirtaldir keppendur hafa þátttökurétt í landsliðsflokki:

- Þrír efstu menn í landsliðsflokki á síðasta Skákþingi Íslands og til vara sá sem þar hafnaði í fjórða sæti.
- Tveir efstu menn í áskorendaflokki **meistaraflokki** á síðasta Skákþingi Íslands.
- Þrír stigahæstu menn landsins, miðað við virk skákstig, aðrir en þeir sem falla undir lið 1 eða 2, og til vara þeir tveir sem næstir þeim eru að stigum.
- Ungmennameistari Íslands.
- Íslandsmeistari kvenna frá árinu áður.
- Eftir atvikum aðrir keppendur valdir af stjórn SÍ.

Stjórn SÍ skal a.m.k. tveimur mánuðum áður en keppni í landsliðsflokki hefst tilkynna hversu margir keppendur verða og hvar keppnin verður haldin.

Jafnframt skal tilkynna hverjir hafi rétt til þátttöku samkvæmt töluliðum 1–3 og gefa þeim tveggja vikna frest til að ákveða hvort þeir tefli. Mánuði áður en keppnin hefst skal stjórnin hafa valið þá sem hún býður til þátttöku. Ef mjög

sérstakar aðstæður krefjast er stjórn SÍ heimilt að víkja frá umræddum tímafrestum.

Við val á keppendum samkvæmt 6. tölulið hér að framan, skal stjórn SÍ hafa til hliðsjónar alþjóðleg skákstig og árangur skákmanna á nýafstöðnum mótum, enda hafi þeir teflt eigi færri en 30 kappskákir á undanförunum 24 mánuðum. Stjórn SÍ hefur heimild til að falla frá þessum mörkum við mjög sérstakar aðstæður.

Þrátt fyrir framangreint er stjórn SÍ heimilt að sameina keppni í landsliðsflokki, **meistaraflokki** og áskorendaflokki í eitt mót.

Sigurvegari í landsliðsflokki Skákþings Íslands hlýtur nafnbótina *skákmeistari Íslands*.

Allur eftirfarandi texti er nýr:

Eftirtaldir keppendur hafa þátttökurétt í meistaraflokki:

- Skákmenn í 3.-5. sæti meistaraflokks á síðasta Skákþingi Íslands og til vara sá sem þar hafnaði í sjötta sæti.
- Þrír efstu menn í áskorendaflokki á síðasta Skákþingi Íslands.
- Eftir atvikum aðrir keppendur valdir af stjórn SÍ.

Stjórn SÍ skal a.m.k. tveimur mánuðum áður en keppni í meistaraflokki hefst tilkynna hversu margir keppendur verða og hvar keppnin verður haldin.

Jafnframt skal tilkynna hverjir hafi rétt til þátttöku samkvæmt töluliðum 1–2 og gefa þeim tveggja vikna frest til að ákveða hvort þeir tefli. Mánuði áður en keppnin hefst skal stjórnin hafa valið þá sem hún býður til þátttöku. Ef mjög

sérstakar aðstæður krefjast er stjórn SÍ heimilt að víkja frá umræddum tímafrestum.

Við val á keppendum samkvæmt 3. tölulið hér að framan, skal stjórn SÍ hafa til hliðsjónar alþjóðleg skákstig og árangur skákmanna á nýafstöðnum mótum, enda hafi þeir teflt eigi færri en 30 kappskákir á undanförunum 24 mánuðum. Stjórn SÍ hefur heimild til að falla frá þessum mörkum við mjög sérstakar aðstæður.

Þrátt fyrir framangreint er stjórn SÍ heimilt að sameina keppni í landsliðsflokki, meistaraflokki og áskorendaflokki í eitt mót.

Sigurvegari í meistaraflokki Skákþings Íslands hlýtur nafnbótina **óákveðið**

Þiggi skákmaður ekki sæti sitt í landsliðsflokki að ári, eftir að hafa náð 1.-3. sæti í meistaraflokki, hefur hann jafnframt afsalað sér að tefla aftur í meistaraflokki að ári, nema gegnum boðssæti gefnu út af stjórn SÍ.

6. grein. Áskorendaflokkur Skákþings Íslands

Áskorendaflokkur skal opinn öllum sem ekki hafa unnið sér rétt til þátttöku í landsliðsflokki **eða meistaraflokki**.

Að jafnaði skulu tefldar níu umferðir eftir svissnesku kerfi en ef þátttakendur eru færri en 20 má fækka umferðum. Stjórn SÍ skal með a.m.k. tveggja mánaða fyrirvara tilkynna hvar og hvenær flokkurinn fari fram. Ef mjög sérstakar aðstæður krefjast er stjórn SÍ heimilt að víkja frá umræddum tímafresti.

Þrír efstu keppendur áskorendaflokks vinna sér rétt til þátttöku í **meistaraflokki** árið eftir, sbr. einnig 5. gr.

Viðauki 1:

Fyrirkomulag Skákþings Íslands 2027

Efstu tveir í áskorendaflokki 2026 vinna sér sæti í landsliðsflokki 2027, en efstu **þrír** í áskorendaflokki 2027 koma inn í nýja kerfið og vinna sér rétt í meistaraflokki 2028. Meistaraflokkur 2027 er mannaður eingöngu með boðssætum gefnum út af stjórn SÍ. Það er tillaga þeirra sem leggja þetta fram, að miðað verði við virk kappskákstig þegar boðið er í mótið. Aðeins er meistaraflokkur 2027 mannaður með þessum hætti.

Viðauki 2: (rök með tillögu)

- a) Þessi tillaga snýst um að útbúa nýjan lokaðan flokk samhliða landsliðsflokki, sem kemur á milli áskorenda- og landsliðsflokks í styrkleikaröð. Flokkurinn mun heita meistaraflokkur.
- b) Meistaraflokkur gefur þeim sem eru nálægt landsliðsflokki kjör á fleiri skákum við svipaða andstæðinga.
- c) Vinnan við landsliðsflokk nýtist í að halda auka skákmót, uppsetning/skákstjórn o.s.frv.
- d) Meistaraflokkur gefur þeim sem eru nálægt landsliðsflokki kost á að tefla við mjög góðar aðstæður.

e) Meistaraflokkur bætist því við hið hefðbundna Skákþing Íslands. Stefna skal að því að í honum séu jafn margir og í landsliðsflokki og að flokkarnir tveir fari fram samtímis og á sama stað.

7. maí 2026

Gauti Páll Jónsson, Kjartan Maack, Magnús Pálmi Örnólfsson.